

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 6. nóvember 2013

1311025HA VRH
Málalykill: 623


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
(endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 5. nóvember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn Hafnasambands Íslands um ofangreint frumvarp.

Hafnasamband Íslands telur að reglur um gildistíma umhverfismats þurfi að vera skýrar, ef nauðsynlegt er á annað borð að setja slík tímamörk, en sambandið leggur ekki mat á svo stöddu hvort slíkt sé nauðsynlegt eða hvaða gildistími þætti hæfilegur í því efni. Hafnasambandið leggur ekki mat á hvaða aðilar eigi í þessum efnum að teljast hagsmunaaðilar samkvæmt lögum.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Valur Rafn Halldórsson
starfsmaður Hafnasambands Íslands